



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 10/2006

**Kvörtun Würth á Íslandi ehf. yfir ólögmati notkun
Europro ehf. á trúnaðarupplýsingum**

I.

Erindið

Með erindi, dags. 7. mars 2005, til Samkeppnisstofnunar kvartar Margrét Einarsdóttir hdl., f.h. Würth á Íslandi ehf., yfir ólögmati notkun Europro ehf. á trúnaðarupplýsingum. Í erindinu segir að snemma á árinu 2004 hafi Europro hafið innflutning á vörum í samkeppni við Würth á Íslandi. Stofnendur Europro eru fyrrum starfsmenn Würth á Íslandi og einnig voru þrjú fyrrverandi starfsmenn Würth á Íslandi ráðnir til starfa hjá Europro.

Fáeinum dögum fyrir uppsögn sína hjá Würth á Íslandi hafi Garðar Jóhannsson sent gríðarlegt magn trúnaðarupplýsinga á netföng utan fyrirtækisins, m.a. skrár yfir viðskiptamenn, vöruheiti, verð, afslætti og magn innkaupa hjá viðskiptamönnum. Würth á Íslandi hafi kært þessa háttsemi Garðars til lögreglu þar sem miklar líkur væru á því að tilgangurinn með afritun og útsendingu trúnaðarupplýsinganna væri fyrirhuguð not í nýja starfinu hjá Europro. Málið hafi hins vegar verið fellt niður þar sem ekki hafi legið fyrir nægjanleg sönnunargögn. Würth á Íslandi telji sig nú hafa ótvíræðar sannanir fyrir því að Europro hafi undir höndum trúnaðarupplýsingar, sem það færi sér óspart í nyt.

Europro noti upplýsingar um vörunúmer Würth á Íslandi á tilboðsblöðum sínum og laði þannig til sín viðskiptavini með ólögmetum hætti. Würth á Íslandi telur að þessir viðskiptahættir séu til þess fallnir að villa um fyrir neytendum og viðskiptavinir Würth á Íslandi hafi skipt við Europro í þeirri trú að um Würth á Íslandi væri að ræða þar sem Europro búi yfir framangreindum upplýsingum. Þá hafi Europro einnig komist yfir pöntunarblöð Würth á Íslandi og noti þau nánast óbreytt og villi þannig um fyrir neytendum. Í kerfi Europro sé hægt að skrá sölusögu viðskiptavina á sama hátt og hjá Würth á Íslandi, sem hafi gert sérsamning við Ax hugbúnaðarhús hf. um þennan eiginleika.

Würth á Íslandi telur að sú háttsemi Europro að nýta sér trúnaðarupplýsingar og nota pöntunarblöð fyrirtækisins í eigin þágu brjóti í bága við 27. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 13. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og



gagnsæi markaðarins) og ekki skipti máli hvort trúnaðarupplýsingar hafi borist Europro með lögmætum eða ólögmætum hætti því fyrirtækinu sé undir öllum kringumstæðum óheimilt að færa sér þær í nyt, sbr. 4. mgr. 27. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 4. mgr. 13. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti).

Einnig telur Würth á Íslandi að háttsemi Europro brjóti í bága við góða viðskiptahætti og því sé um að ræða brot á 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti). Loks telur Würth á Íslandi að viðskiptahættirnir séu villandi fyrir neytendur og það brjóti í bága við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti). Würth á Íslandi krefst þess að samkeppnisyfirvöld (nú Neytendastofa) grípi til viðeigandi aðgerða gegn Europro og banni fyrirtækinu framangreinda háttsemi.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 9. mars 2005, var erindi Würth á Íslandi sent Europro til umsagnar. Svar barst frá Kára Hrafni Kjartanssyni hdl., f.h. Europro, dags. 19. apríl 2005.

Þar segir að hinar meintu trúnaðarupplýsingar hafi hvorki verið sendar í tölvupóstföng hjá Europro né starfsmönnum þess og að gögnin sem tölvupósturinn innihélt hafi aldrei borist þeim. Würth á Íslandi hafi ekki fært sönnur að því að starfsmaðurinn hafi haft þessi gögn á brott með sér og ekki sé sannað að Europro hafi á einhvern hátt notfært sér þær upplýsingar sem tölvupóstsendingin innihélt.

Fram kemur að upplýsingar um vörunúmer Würth á Íslandi séu öllum aðgengilegar, bæði í dagbókum sem það dreifir til viðskiptavina sinna og á erlendum vefsíðum Würth, og því sé ekki um atvinnuleyndarmál að ræða í skilningi samkeppnislaga (nú laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins). Europro noti ekki vörunúmer Würth á Íslandi á þann hátt sem haldið sé fram heldur hafi þau verið notuð nokkrum sinnum í tilboðsskjölum til valinna viðskiptavina til samanburðar. Ekki sé verið að villa um fyrir neytendum þar sem öll tilboð og reikningar Europro séu rækilega merkt fyrirtækinu. Würth á Íslandi hafi ekki lagt fram nein gögn sem styðji þá fullyrðingu að viðskiptavinir þess hafi ranglega talið sig verið að skipta við þá í viðskiptum sínum við Europro. Þá verði ekki fallist á að vörunúmer geti fallið undir hugtakið atvinnuleyndarmál í skilningi 13. gr. laga nr. 57/2005.



Í svarinu segir að pöntunarblöð Würth á Íslandi og Europro séu ekki eins útlítandi og að þau séu fyrir sölumenn Europro en ekki viðskiptavinum. Þau séu því ekki villandi fyrir neytendur auk þess sem þau séu rækilega merkt fyrirtækinu. Europro bað Ax hugbúnaðarhús hf. um að búa til söluskýrslu vegna viðskiptavina sinna en ekki var um það beðið að skýrslan væri eins útlítandi og skýrsla Würth á Íslandi, enda séu þær ekki eins. Ekki sé óeðlilegt að pöntunarblöðin og skýrslurnar séu lík þar sem fyrirtækin séu í svipaðri starfsemi og sama fyrirtækið hafi útbúið skýrslurnar. Ekki sé fallist á að útlit pöntunarblaða Würth á Íslandi og skráning sölusögu viðskiptavina falli undir hugtakið atvinnuleyndarmál í skilningi 13. gr. laga nr. 57/2005.

Að lokum er tekið fram að Europro sé hvorki að nýta sér viðskiptavild Würth á Íslandi né villa um fyrir neytendum enda komi Europro fram undir eigin nafni, noti ekki nafn Würth á Íslandi í samskiptum sínum við neytendur og tilboð, reikningar og pöntunarblöð séu kyrfilega merki nafni Europro, sem hafi á engan hátt gerst brotlegt gegn 5., 6. og 13. gr. laga nr. 57/2005.

2.

Margréti Einarsdóttur hdl., f.h. Würth á Íslandi, var sent svar Europro til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 22. apríl 2005. Svar Würth á Íslandi er dagsett 9. maí 2005 og eru þar fyrri rök ítrekuð. Einnig er bent á að sannað sé að Garðar Jóhannsson hafi sent trúnaðarupplýsingar af vinnunetfangi sínu út úr fyrirtækinu.

Í svarinu segir að Europro noti vörunúmer Würth á Íslandi til að auðkenna vörur sínar og gefi þannig til kynna að vörurnar séu þær sömu og hjá Würth á Íslandi en vörur Würth á Íslandi séu hins vegar mun vandaðri og endingarbetri. Um villandi upplýsingagjöf sé því að ræða sem brjótí í bága við góða viðskiptahætti, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005.

Viðskiptamaður hafi haft sambandi við Würth á Íslandi eftir að hafa keypt vörur af Europro þar sem hann hélt ranglega að hann hefði keypt vörurnar af Würth á Íslandi. Tekið er fram að sú hætta muni vera fyrir hendi að viðskiptamenn telji sig ranglega eiga viðskipti við Würth á Íslandi á meðan Europro auðkenni vörur sínar með vörunúmerum Würth á Íslandi og noti eins pöntunarblöð.

Rakið er hvornig pöntunarblöð fyrirtækjanna tveggja séu nákvæmlega eins og sé því ljóst að Europro eigi pöntunarblað Würth á Íslandi á tölvutæku formi og nýti sér þannig trúnaðarupplýsingar og brjótí það í bága við 13. gr. laga nr. 57/2005.

Ekki sé rétt að pöntunarblöðin séu einungis notuð fyrir sölumenn því þau hafi verið hengd upp á vegg í fyrirtækjum og sé það afar villandi fyrir viðskiptavinum þar sem þau séu eins og pöntunarblöð Würth á Íslandi. Brjótí þessi háttsemi því gegn 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005.



Tekið er fram að Europro hafi vörulista Würth á Íslandi undir höndum á tölvutæku formi þar sem vöruheiti séu nákvæmlega þau sömu og sömu leturstærðir séu notaðar, sömu stafsetningarvillurnar o.s.frv. Würth á Íslandi sé visst um að Europro hafi fleiri viðkvæmar trúnaðarupplýsingar undir höndum sem það notfæri sér í samkeppni við fyrirtækið.

3.

Bréf Würth á Íslandi var sent Kára Hrafni Kjartanssyni hdl., f.h. Europro, til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 12. maí 2005. Svar Europro er dagsett 25. maí 2005 og er þar ítrekað að Europro telji sig ekki hafa gerst brotlegt við lög nr. 57/2005. Í svarinu segir að Europro sé löngu hætt að nota vörunúmerin sem Würth á Íslandi fari fram á að hætt sé að nota auk þess að sýnt hafi verið fram á að upplýsingarnar séu opinberar og geti því ekki talist atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005.

Þá hafi Würth á Íslandi hvorki sýnt fram á að Europro hafi notfært sér þær upplýsingar sem Garðar Jóhannsson hafi sent úr vinnunetfangi sínu né að tengsl séu milli þeirra upplýsinga og starfsemi Europro.

Vörunúmer Würth á Íslandi hafi verið notuð í örfáum tilvikum í upphafi starfsemi Europro að ósk viðskiptavina í tilboðsskjölum til samanburðar. Europro hafi aldrei gefið til kynna að um sömu vörur væri að ræða og Würth á Íslandi notar og því ekki um villandi upplýsingagjöf að ræða auk þess sem tilboðsskjöl hafi ávallt verið vel merkt Europro. Vörur þess hafi aldrei verið auðkenndar með vörunúmerum Würth á Íslandi heldur með vörunúmeri framleiðanda, sem sé algerlega óviðkomandi Würth á Íslandi.

Tekið er fram að Europro hafi ekki haft undir höndum rafrænt eintak af pöntunarblöðum Würth á Íslandi enda séu þau ekki eins og þar að auki séu þau kyrfilega merkt Europro. Í því tilviki sem pöntunarblöð hafi verið hengd á vegg innan fyrirtækis hafi tveir viðskiptavinir Europro beðið um að fá afhent pöntunarblöð og hafi þeir ekki verið í neinum vafa um uppruna blaðanna. Auk þess hafi Würth á Íslandi ekki einkarétt á útfærslu pöntunarblaða.

Þá sé ekkert óeðlilegt við það að vöruheiti Europro og Würth á Íslandi séu svipuð enda um svipaðar vörur að ræða. Þeir starfsmenn Europro sem hafi þýtt vörulistann á íslensku séu fyrrverandi starfsmenn Würth á Íslandi og því vanir ákveðnum vöruheitum. Það skjal sem Würth á Íslandi sendi Samkeppnisstofnun sé ekki í samræmi við vöruheiti í tölvukerfi Europro. Ekki sé fallist á að það geti verið samkeppnishamlandi að nota svipuð vöruheiti og keppinautur og að vöruheiti Würth á Íslandi séu háð einkarétti þess.



Að lokum kemur fram að Würth hafi áður gefið út vörulista sem innihaldi vörunúmer keppinauta þeirra, m.a. Phillips og Osram. Því virðist sem Würth telji slíkt eðlilega viðskiptahætti og því erfitt að átta sig á réttmæti kvörtunarinnar.

4.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 30. maí 2005, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 30. júní 2005, var málsaðilum tilkynnt að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sama dag falli úr gildi. Þá kom fram í bréfinu að Neytendastofa hefði eftirlit með lögnum og að málið flyttist til þeirrar stofnunar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 31. október 2005, til Würth á Íslandi var sökum tafa á afgreiðslu málsins óskað upplýst hvort enn væru uppi óskir um að úrskurðað yrði í málinu. Með bréfi Würth á Íslandi, dags. 3. nóvember 2005, var óskað eftir úrskurði í málinu. Með bréfi, dags. 7. júlí 2006, tilkynnti Neytendastofa enn um töf á afgreiðslu málsins. Með bréfi Neytendastofu, dags. 2. október 2006, var óskað eftir nýjum gögnum frá málsaðilum sambærilegum þeim sem lögð voru fram í málinu.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Würth á Íslandi yfir ólögmætri notkun Europro á trúnaðarupplýsingum. Garðar Jóhannesson, starfsmaður Würth á Íslandi hafi sent upplýsingar úr rekstri fyrirtækisins á netföng utan fyrirtækisins skömmu fyrir uppsögn sína. Hann hóf síðan störf hjá fyrirtækinu Europro, sem starfar í samkeppni við Würth á Íslandi og var stofnað af fyrrum starfsmönnum þess.

Að mati Würth á Íslandi er Europro að nota trúnaðarupplýsingar fyrirtækisins, m.a. vörunúmer og pöntunarblöð nánast óbreytt og það sé brot gegn 13. gr. laga nr. 57/2005. Einnig telur Würth á Íslandi að háttsemi Europro brjóti í bága við góða viðskiptahætti og að hún sé villandi fyrir neytendur og teljist því brot gegn 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005.

2.

Í atvinnustarfsemi getur skipt miklu máli að ákveðnum þáttum starfseminnar sé haldið leyndum, sérstaklega þeim sem snúa að samkeppnisstöðu. Fyrirtæki eiga rétt á



lögvernd þessara hagsmuna og í lögum nr. 57/2005 er að finna almennt ákvæði í 13. gr. sem stuðlar að vernd atvinnuleyndarmála. Í 13. gr. segir:

„Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar. Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að 29. gr. laganna (nú 13. gr. laga nr. 57/2005) verndi bæði rekstrar- og viðskiptaleyndarmál. Rekstrarleyndarmál varða fremur tæknileg atriði og sem dæmi má nefna tæknilegar ráðstafanir sem nýttar eru við framleiðslu á vöru. Viðskiptaleyndarmál geta verið fólgin í t.d. sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skrám yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum og ýmsum tölfræðilegum upplýsingum. Í máli þessu er um að ræða upplýsingar um viðskiptamenn, vöruheiti, verð, afslætti, magn innkaupa o.fl. sem fellur undir hugtakið viðskiptaleyndarmál. Það er því ljóst að 13. gr. laga nr. 57/2005 á við í málinu.

3.

Til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt 13. gr. laga nr. 57/2005 verður annað hvort krafa um leynd að hafa verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það teljist liggja í hlutarins eðli. Í málinu hefur ekki komið fram að Würth á Íslandi hafi krafist þess af Garðari að hann færi með framangreindar upplýsingar úr rekstri fyrirtækisins sem atvinnuleyndarmál, hvorki munnlega né skriflega.

Þá kemur til skoðunar hvort upplýsingarnar njóti verndar vegna þess að það liggja í hlutarins eðli. Við mat á því er litið svo á að ef skynsamur maður, sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinga, gæti séð að honum hefðu af eðlilegum ástæðum verið afhentar upplýsingar eða þekking í trúnaði, þá nægði það til þess að telja að viðtakandi upplýsinganna væri bundinn trúnaði um þær upplýsingar. Að mati Neytendastofu er það ljóst að skynsamur maður hefði vitað að þær upplýsingar sem Garðar fékk í starfi



sínu væru trúnaðarupplýsingar og að hann mætti hvorki taka afrit, senda þær með tölvupósti né hagnýta þær á nokkurn hátt í samkeppni. Skilyrði þess að vernd 13. gr. verði virk eru því uppfyllt og upplýsingarnar njóta verndar sem atvinnuleyndarmál.

Würth á Íslandi bendir á ýmis atriði í gögnum málsins sem bendi til að Europro hafi undir höndum trúnaðarupplýsingar á tölvutæku formi og hagnýti sér þær. Vörunúmer á tilboðsblöðum, pöntunarblöð og vörulistar fyrirtækjanna tveggja eru nánast eins. Röð dálka og vörutegunda er sú sama auk þess sem vörunúmer og vöruheiti eru eins hjá báðum aðilum. Sömu leturstærðir eru notaðar og sömu orðin eru svartletruð auk þess sem hástafir og lágstafir eru notaðir á sömu stöðum þótt engin regla sé í notkun þeirra. Þá er enn fremur sömu stafsetningarvillurnar að finna hjá Europro og hjá Würth á Íslandi. Europro hefur ekki tekist að útskýra með fullnægjandi hætti hver sé ástæða þess að gögn fyrirtækisins eru eins lík gögnum Würth á Íslandi og raun ber vitni.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að Europro hafi undir höndum trúnaðarupplýsingar frá Würth á Íslandi ehf. og hafi notað þær í rekstri fyrirtækisins. Notkun Europro á upplýsingunum telst því brot gegn ákvæði 13. gr. laga nr. 57/2005.

Að beiðni Neytendastofu lögðu Würth á Íslandi og Europro fram ný sýnishorn af pöntunarblaði, vöruskrá, tilboðsblaði og söluskýrslu. Hvorugt fyrirtækið hefur breytt gögnum sínum og er því ljóst að mati Neytendastofu að Europro er enn að nota trúnaðarupplýsingar Würth á Íslandi.

Þá telur Neytendastofa að Europro hefði mátt vera ljóst að upplýsingarnar væru atvinnuleyndarmál og að notkun þeirra bryti í bága við góða viðskiptahætti. Fyrirtækið hefði átt að vita betur en að hagnýta sér atvinnuleyndarmál annars aðila og telur Neytendastofa þ.a.l. að háttsemi Europro brjóti einnig í bága við 5. gr. laga nr. 57/2005 sem fjallar um góða viðskiptahætti.

Hvað varðar tilvísun til 6. gr. laga nr. 57/2005 þá telur Neytendastofa að ákvæðið eigi ekki við í máli þessu þar sem ekki er um auglýsingu að ræða.



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Europro ehf., Smiðjuvegi 9, Kópavogi, hefur með notkun trúnaðarupplýsinga úr rekstri Würth á Íslandi ehf. brotið gegn ákvæðum 5. og 13. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Europro ehf. alla notkun tilboðsblaða, pöntunarblaða og vörulista fyrirtækisins í núverandi formi.

Verði ekki farið að framangreindu innan fjögurra vikna frá birtingu ákvörðunarinnar mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“

Neytendastofa, 12. október 2006